

Fimmtudaginn 2. apríl 1998.

Nr. 507/1997.

Ákærvaldið(Bragi Steinarsson
vararíkissaksóknari)
gegn**Ingibjörgu Maríu Karlsdóttur**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ökuréttindi. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákærvalds, með stefnu 17. desember 1997. Krefst ákærvaldið þess, að refsing ákærðu verði þyngd.

Ákærða krefst þess, að refsing verði milduð.

Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 10. október 1997 var ákærða dæmd í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Á grundvelli 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 var ákæruefni í því máli dæmt að nýju með síðari ákæruefnum. Samkvæmt því var í hinum áfrýj-
aða dómi dæmt í einu lagi fyrir sex brot, sem ákærða játaði að hafa framið á árunum 1996 og 1997 með því að aka bifreið svipt ökurétt-
indum. Er refsing ákærðu hæfilega ákveðin í héraðsdómi og hátt-
semi hennar þar réttilega heimfærð til refsíákvæða. Verður héraðsdómur staðfestur með vísan til forsendna hans.

Ákærða skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Ákærða, Ingibjörg María Karlsdóttir, greiði allan áfrýjunar-
kostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð,
25.000 krónur, og málflutningsþóknun skipaðs verjanda síns
fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlög-
manns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 10. október 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru sýslumannsins í Kópavogi, dagsettri 30. júní 1997, á hendur Ingibjörgu Maríu Karlsdóttur, kt. 090948-2299, til heimilis að Njörvasundi 9 í Reykjavík. Ákærðu er gefið að sök að hafa „ekið þriðjudag 31. desember 1996, svipt ökurétti, bifreiðinni ST-863 frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur, þar til lögregla stöðvaði aksturinn á Nýbýlavegi í Kópavogi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar“.

Mál þetta er tekið til dóms á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ákærða hefur skýlaust játað alla þá háttsemi, sem henni er gefin að sök í ákæru. Þá er brot ákærðu réttilega heimfært til verknáðarlýsinga og refsíákvæðis. Með hliðsjón af skýlausri játningu ákærðu og fram lögðum gögnum í málinu verður sök hennar talin sönnuð.

Ákærða hefur áður undirgengist lögreglustjórásátt, árið 1994, fyrir brot á 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sætt dómi árið 1994 fyrir brot á 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., 1., sbr. 3. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sætt dómi árið 1995 fyrir brot á 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og lögreglustjórásátt árið 1995 fyrir brot á 1., sbr. 3. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Með hliðsjón af sakaferli ákærðu, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 197/1940, þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi, en falla skal sú refsing niður að tveimur árum liðnum, haldi ákærða almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sakarkostnaður í málinu er enginn.

Robert A. Spanó dómarafulltrúi kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Ingibjörg María Karlsdóttir, sæti fangelsi í þrjá mánuði, en refsing skal falla niður að liðnum tveimur árum, haldi hún almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
